

REGLUR

um vinnu með krabbameinsvaldandi efni.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið með reglum þessum er að draga úr hættu á að starfsmenn sem vinna með krabbameinsvaldandi efni verði fyrir heilsutjóni af þeirra völdum.

2. gr.

Gildissvið.

Þessar reglur gilda um starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efni.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum reglum merkir *krabbameinsvaldandi efni*:

- a. efni sem eru í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.
- b. efni sem fengið hefur áhættumerkinguna R 45 (getur valdið krabbameini) í I. viðauka við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni með síðari breytingum.
- c. efni, efnablöndu eða vinnslu sem um getur í I. viðauka, sem og efni eða efnablöndu sem leysist úr læðingi við vinnslu af því tagi sem um getur í I. viðauka.

II. KAFLI

Skyldur atvinnurekanda.

4. gr.

Mat á hættu.

Þegar líklegt er að starfsemi hafi í för með sér hættu vegna vinnu með krabbameinsvaldandi efni skal atvinnurekandi ætíð ákvarða eða láta ákvarða eðli og stig mengunar og hve lengi starfsmenn verða fyrir henni, til að hægt sé að meta hvaða hættu er búin heilsu og öryggi starfsmanna og ákveða til hvaða ráðstafana á að grípa. Matið verður að fara fram með reglubundnu millibili og ætíð ef breyting verður á þeim aðstæðum sem geta skipt máli varðandi mengun sem starfsmenn verða fyrir vegna krabbameinsvaldandi efna. Atvinnurekanda er skylt að láta Vinnueftirliti ríkisins í té upplýsingar sem liggja að baki téðu mati, fari það fram á það. Þegar áhættan er metin skal enn fremur hafa í huga alla aðra umtalsverða mengun, t.d. er getur haft skaðleg áhrif á húð.

Við mat það sem um getur í 1. mgr. þessarar gr. ber atvinnurekanda að huga sérstaklega að áhrifum á heilsu eða öryggi sérstakra áhættuhópa, og skal hann meðal annars taka mið af því að æskilegt er að þeir, sem til slíkra áhættuhópa teljast, séu ekki við vinnu þar sem þeir kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum.

5. gr.

Dregið úr notkun efna eða önnur notuð í staðinn.

Atvinnurekandi skal draga úr notkun krabbameinsvaldandi efna á vinnustað, meðal annars með því að nota þess í stað, eftir því sem er tæknilega raunhæft, efni, efnablöndu eða vinnslu, sem við þær aðstæður er ekki hættulegt eða er síður hættulegt heilsu starfsmanna eða öryggi, eftir því sem við á.

Ekki er leyfilegt að nota efni í flokki A eða B í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun nema að fenginni undanþágu eða leyfi hjá Vinnueftirliti ríkisins.

6. gr.

Komið í veg fyrir mengun og dregið úr henni.

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin verður að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun. Sé ekki tæknilega raunhæft að nota í stað krabbameinsvaldandi efna efni, sem eru síður hættuleg, skal atvinnurekandi tryggja að hin krabbameinsvaldandi efni séu notuð í lokuðu kerfi að svo miklu leyti sem það er tæknilega raunhæft. Ef lokað kerfi er ekki tæknilega raunhæft skal atvinnurekandi tryggja að starfsmenn verði fyrir eins lítilli mengun efna og kostur er.

Þegar krabbameinsvaldandi efni eru notuð skal atvinnurekandi gera eftirfarandi ráðstafanir:

- a. takmarka magn krabbameinsvaldandi efna á vinnustað;
- b. sjá til þess að sem fæstir starfsmenn verði fyrir mengun eða kunni að verða fyrir mengun af efnunum;
- c. haga vinnu og eftirliti þannig að komist sé hjá því að krabbameinsvaldandi efni berist út á vinnustað, eða slíku sé haldið í lágmarki;
- d. fjarlægja krabbameinsvaldandi efni þar sem þau eiga upptök sín, með afsogsbúnaði á staðnum eða almennri loftræstingu, með þeim hætti sem við á og sem samræmist nauðsyn þess að vernda heilsu almennings og umhverfið;
- e. nota tiltækar aðferðir sem við eiga til að mæla krabbameinsvaldandi efni, einkum til að uppgötva í tíma ef starfsmenn verða fyrir óeðlilegri mengun af völdum ófyrirsjáanlegs atburðar eða slyss;
- f. beita starfsháttum og vinnuaðferðum sem við eiga;
- g. gera ráðstafanir til verndar starfsmönnum almennt og/eða, sé ekki með öðrum ráðum hægt að komast hjá því að þeir verði fyrir mengun, ráðstafanir til að vernda einstaklinga;
- h. gera hreinlætisráðstafanir, einkum að sjá til þess að gólf, veggir og aðrir fletir séu þrífir reglulega;
- i. fræða starfsmenn um þessi mál;
- j. hafa hættusvæði afmörkuð og viðvörunar- og öryggisskilti fullnægjandi, þar á meðal skilti um bann við reykingum á stöðum þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum;
- k. gera áætlanir um viðbrögð í neyðartilvikum er leitt geta til þess að menn verði fyrir óeðlilega mikilli mengun;
- l. að sjá til þess að geymsla, meðhöndlun og flutningur sé með öruggum hætti, einkum með því að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt;

- m. að sjá til þess að starfsmenn safni saman úrgangi, geymi hann og fargi honum á öruggan hátt, þar á meðal að notuð séu þétt ílát sem eru greinilega og áberandi merkt.

7. gr.

Upplýsingar til Vinnueftirlits ríkisins.

Leiði niðurstöður mats þess sem um getur í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hættu búin, ber atvinnurekanda, ef farið er fram á það, að veita Vinnueftirliti ríkisins viðeigandi upplýsingar, sbr. 82. gr. laga nr. 46/1980 um eftirfarandi:

- a. þá starfsemi og/eða iðnað sem um er að ræða, þar með taldar ástæður þess að krabbameinsvaldandi efni eru notuð;
- b. magn af efnum eða efnablöndum sem framleiddar eru eða notaðar og innihalda krabbameinsvaldandi efni;
- c. hve margir starfsmenn verða fyrir mengun;
- d. hvaða forvarnarráðstafanir eru gerðar;
- e. hvaða gerðir persónuhlífa eru notaðar;
- f. eðli og umfang mengunarinnar;
- g. hvar unnt væri að nota önnur efni í staðinn.

8. gr.

Ófyrirséð mengun.

Ef ófyrirsjáanlegt atvik eða slys verður, þannig að líklegt er að starfsmenn verði fyrir óeðlilegri mengun er atvinnurekanda skylt að upplýsa þá um það. Þar til eðlilegt ástand er aftur komið á og komist hefur verið fyrir orsakir mengunarinnar gildir eftirfarandi:

- a. einungis þeim starfsmönnum, sem nauðsyn ber til að starfi að viðgerðum og öðrum nauðsynlegum verkefnum, er heimilt að vinna á svæðinu sem um ræðir;
- b. skylt er að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir mengun lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá;
- c. óvörðum starfsmönnum skal ekki leyft að vinna á svæðinu sem um ræðir.

9. gr.

Fyrirséð mengun.

Við tiltekin verk á borð við viðhald, þar sem búast má við að starfsmenn verði fyrir verulega meiri mengun en ella og þar sem gripið hefur verið til allra tiltækra, tæknilegra forvarnarráðstafana til að þeir verði fyrir sem minnstri mengun, ber atvinnurekanda að ákvarða hvaða ráðstafanir þarf að gera til að starfsmenn verði fyrir mengun í sem allra skemmstan tíma og þeim sé tryggð vernd á meðan þeir eru að fást við verkin. Ákvarðanir skulu teknar að höfðu samráði við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra, en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekandans.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar gr. er atvinnurekanda skylt að sjá hlutaðeigandi starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði og öndunargrímum sem þeim er gert að bera meðan þeir verða fyrir óeðlilegri mengun. Óheimilt er að láta starfsmenn verða fyrir mengun lengi í einu og skal hver þeirra ekki verða fyrir henni lengur en komist verður hjá.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að svæði þau þar sem verkin sem nefnd er í 1. mgr. þessarar gr. eru unnin, séu greinilega afmörkuð og auðkennd eða að komið sé í veg fyrir með öðru móti að aðrir hafi aðgang að svæðunum en þeir sem til þess hafa heimild.

10. gr.

Aðgangur að hættusvæðum.

Atvinnurekendur skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ekki hafi aðrir aðgang að svæðunum, þar sem niðurstöður matsins sem getið er í 1. mgr. 4. gr. gefa til kynna að öryggi eða heilsu starfsmanna sé hættu búin, heldur en starfsmenn þeir sem vegna vinnu sinnar eða verkefna þurfa um þau að fara.

11. gr.

Hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna.

Við hvers kyns starfsemi sem hefur í för með sér hættu á mengun af krabbameinsvaldandi efnum er atvinnurekendum skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

- a. að starfsmenn neyti ekki matar eða drykkjar og reyki ekki á vinnusvæðum þar sem hættu er á mengun af krabbameinsvaldandi efnum;
- b. að starfsmönnum sé séð fyrir hlífðarfatnaði eða öðrum sérstökum fatnaði við hæfi og að aðskildar geymslur séu ætlaðar fyrir vinnu- eða hlífðarföt, svo og venjuleg ígangsklæði;
- c. að starfsmönnum sé séð fyrir nægri og viðeigandi þvotta- og salernisaðstöðu;
- d. að hlífar séu geymdar á réttan hátt á vísu stað og þær séu athugaðar og þrífarnar, fyrir notkun ef það er unnt og skilyrðislaust eftir að þær hafa verið notaðar. Einnig skal gert við bilaðar hlífar eða skipt um þær áður en þær eru notaðar frekar.

Kostnaður af ráðstöfunum þeim er fjallað er um í þessari grein má ekki leggjast á starfsmenn.

12. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn og þjálfun þeirra.

Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og upplýsingar og leiðbeiningar um eftirfarandi:

- a. hugsanlegt heilsutjón, þar á meðal aukna hættu vegna tóbaksnotkunar;
- b. varúðarráðstafanir sem ber að gera til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir mengun;
- c. hreinlætiskröfur;
- d. notkun hlífa og hlífðarfatnaðar;
- e. ráðstafanir sem starfsmönnum, að meðtöldum björgunarmönnum, ber að gera ef óhöpp verða og til að koma í veg fyrir þau.

Atvinnurekanda er skylt að upplýsa starfsmenn um búnað og ílát sem innihalda krabbameinsvaldandi efni. Tryggja að öll slík ílát, umbúðir og búnaður sé greinilega og áberandi merktur og í samræmi við reglur nr. 236/1990 og enn fremur að setja upp viðvörunarskilti sem sjást greinilega.

Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

- a. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins geti fylgst með því hvort farið sé að reglum þessum eða séu hafðir með í ráðum við framkvæmd þeirra, einkum með tilliti til hvaða afleiðingar val og notkun hlífðarfatnaðar og hlífa hefur á öryggi og heilsu starfsmanna, en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekanda á því að ákvarða gagnsemi

- hlífðarfatnaðarins og hlífanna og ráðstafana sem atvinnurekandi gerir og nefndar eru í 1. mgr. 9. gr., en án þess að það skerði ábyrgð atvinnurekanda á því að ákveða slíkar ráðstafanir;
- b. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins fái vitneskju um það ef menn verða fyrir óeðlilegri mengun, þar með talin mengun af því tagi sem um getur í 9. gr., eins skjótt og framast er unnt, svo og um orsakir hennar og ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða verða gerðar til að ráða bót á ástandinu ef upplýsingar þar um eru fyrir hendi;
 - c. að haldin sé skrá yfir starfsmenn er vinna verk sem matið, sem nefnt er í 1. mgr. 4. gr., leiðir í ljós að eru hættuleg heilsu eða öryggi, og skal mengunin, sem þeir hafa orðið fyrir, tilgreind í skránni;
 - d. að lækni og/eða Vinnueftirlit ríkisins hafi aðgang að skránni sem getið er um í c-lið 3. mgr. þessarar greinar;
 - e. að hver starfsmaður hafi aðgang að þeim upplýsingum í skránni er varða hann sérstaklega;
 - f. að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan vinnustaðarins hafi aðgang að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast einstaklingum.

13. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Heilsueftirlit.

Atvinnurekandi skal skipuleggja viðeigandi heilsueftirlit leiði matið, sem nefnt er í 1. mgr. 4. gr. í ljós að heilsu eða öryggi starfsmanna sé stefnt í hættu. Starfsmaður skal geta gengist undir viðeigandi heilsueftirlit áður en hann hefur störf þar sem hann verður fyrir mengun og með reglulegu millibili eftir það. Þegar niðurstöður heilsueftirlits gefa tilefni til skal þegar í stað gera ráðstafanir til að draga úr mengun og auka persónulegt hreinlæti. Ef eitthvað óeðlilegt hrjáir starfsmann, og grunur leikur á að það stafi af því að hann hafi orðið fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efni, er lækni eða Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum lögbærum yfirvöldum heimilt að krefjast þess að aðrir starfsmenn sem hafa unnið við sömu aðstæður gangist undir heilsueftirlit. Í þessum tilvikum ber að endurmeta hættu vegna mengunar í samræmi við 1. mgr. 4. gr.

Við framkvæmd heilsueftirlits skal rita skýrslu um heilsufarssögu einstaklings og ber lækni eða Vinnueftirliti ríkisins eða öðrum lögbærum yfirvöldum að leggja fram tillögur um til hvaða verndar- eða forvarnarráðstafana skuli gripið með tilliti til einstakra starfsmanna. Veita ber starfsmönnum upplýsingar og ráð um heilsueftirlit sem þeir eiga kost á þegar þeir verða ekki lengur fyrir mengun. Starfsmenn skulu hafa aðgang að niðurstöðum heilsueftirlits er varðar þá sjálfa í samræmi við gildandi lög og reglur. Hlutaðeigandi starfsmönnum eða atvinnurekanda er heimilt að krefjast þess að niðurstöður heilsueftirlits verði endurmetnar í samræmi við gildandi lög og reglur. Tillögur um framkvæmd heilsueftirlits með starfsmönnum

um eru lagðar fram í II. viðauka. Tilkynna ber Vinnueftirliti ríkisins um öll krabbameins-tilfelli sem álitin eru stafa af krabbameinsvaldandi efnum á vinnustað.

Að öðru leyti skal heilsueftirlit vera í samræmi við XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðanir og heilsueftirlit.

15. gr.

Varðveisla skráa.

Geyma ber skrána sem um getur í c-lið, 3. mgr. 12. gr. og skýrslurnar um heilsufarssögu einstaklinga, sem nefndar eru í 4. mgr. 14. gr., í 40 ár hið minnsta eftir að starfsmaður verður ekki lengur fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum, í samræmi við gildandi lög og reglur.

Sé starfsemi fyrirtækisins lögð niður skal koma skjölunum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. Varðveisla á skránum og heilsufarsskýrslum svo og notkun þeirra til athugana og rannsókna skal vera í samræmi við lög og reglur.

16. gr.

Mengunarmörk.

Mengunarmörk fyrir þau efni sem leyfilegt er að nota og önnur ákvæði sem tengjast þeim beint eru tilgreind í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

IV. KAFLI

Áfrýjun úrskurða, refsíákvæði, gildistaka.

17. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

18. gr.

Refsíákvæði.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

19. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun nr. 90/394, viðauka XVIII, 14. tölulið um verndun starfsmanna gegn áhættu af krabbameinsvaldandi efnum á vinnustað. Reglurnar sem öðlast gildi 1. janúar 1996 staðfestast hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI**Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli þar sem hætta er á krabbameini.
(c-liður 3. gr.)**

1. Áramínframleiðsla.
2. Störf þar sem menn geta orðið fyrir mengun af arómatískum fjölhringa kolvetnum úr sóti, tjöru, biki, reyk eða steinkolaryki.
3. Störf þar sem menn geta orðið fyrir mengun af ryki, reyk eða gufum sem myndast við glæðingu og rafgreiningu á nikkelgrýti.
4. Framleiðsla á ísóprópanóli þar sem sterk sýra er notuð.

II. VIÐAUKI**Hagnýt ráð um framkvæmd heilsueftirlits með starfsmönnum.
(2. mgr. 14. gr.)**

Læknir og/eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsueftirliti með starfsmönnum sem geta orðið fyrir mengun af krabbameinsvaldandi efnum skal hafa þekkingu á aðstæðum og aðstöðu hvers þeirra.

Heilsueftirlit með starfsmönnum skal framkvæmt í samræmi við reglur og venjur í atvinnusjúkdómafræði, og skal að minnsta kosti fela í sér eftirtalið:

- a. að haldin sé skrá um heilsufarssögu og starfsferil starfsmanns,
- b. persónulegu viðtali,
- c. líffræðilegum mælingum, eftir því sem við á, og að veitt sé athygli þeim áhrifum sem koma fram snemma eða geta gengið til baka.

Ákveða má frekari prófanir en kveðið er á um í 2. mgr. þessa viðauka, fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsueftirliti, í ljósi nýjustu þekkingar á sviði atvinnusjúkdómafræði á hverjum tíma.